

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

CEPROTIN 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

2. INNIHALDSLÝSING

Prótein C úr plasma úr mönnum, hreinsað með einstofna mótetnum úr músum. Hvert hettuglas af CEPROTIN 500 a.e.* inniheldur 500 a.e. af próteini C úr mönnum, sem þurrefni. Eftir upplausn með 5 ml af sæfðu vatni fyrir stungulyf, inniheldur lyfið u.þ.b. 100 a.e./ml af próteini C úr mönnum.

Virknin (a.e.) er ákvörðuð með ensímhvarfefna litaprófi með samanburði við WHO staðalefni.

*Ein alþjóðleg eining (a.e.) af próteini C samsvarar virkni próteins C í 1 ml af eðlilegu plasma, mælt með amíðleysandi aðferð.

Hjálparefni með þekkta verkun:

Lyfið inniheldur 22,5 mg af natríum í hverju hettuglasi.
Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Prótein C úr mönnum, stungulyfsstofn og leysir, lausn.

Frostþurrkað hvítt eða rjómagult duft eða auðmulið, fast efni. Eftir blöndun hefur lausnin sýrustig á bilinu 6,7 til 7,3 og osmósuhéttu er ekki undir 240 mosmól/kg.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

CEPROTIN er ætlað sem fyrirbyggjandi meðferð og til meðferðar á bráðum purpura, húddrepi af völdum kúmarína og segamyndun í bláæðum hjá sjúklingum með alvarlegan meðfæddan prótein C skort.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Hefja skal meðferð með CEPROTIN undir eftirliti læknis með reynslu í uppbótarmeðferð með storkuþáttum/hemlum, þar sem mögulegt er að fylgjast með virkni próteins C.

Skammtar

Aðlögun skammta skal byggja á mati á rannsóknarniðurstöðum fyrir hvern einstakling fyrir sig.

Meðferð bráðra tilfella og fyrirbyggjandi meðferð til skamms tíma (þ. á m. ífarandi aðgerðir)

Í byrjun ætti að ná 100% prótein C virkni (1 a.e./ml) og skal halda virkni yfir 25% meðan á meðferð stendur.

Ráðlagt er að gefa 60 til 80 a.e./kg upphafsskammt til að ákvarða heimtur og helmingunartíma. Ráðlagt er að mæla virkni próteins C með notkun litaprófs með ensímhvarfefnum til þess að ákvarða þéttu próteins C í plasma sjúklingsins fyrir og á meðan CEPROTIN meðferð stendur.

Ákvarða skal skammtastærð á grundvelli niðurstaðna úr mælingum á prótein C virkni. Ef um er að ræða bráða segamyndun ætti að fylgjast með virkninni á 6 klst. fresti þar til sjúklingurinn er orðinn stöðugur og eftir það tvisvar sinnum á dag og alltaf rétt fyrir innspýtingu. Hafa skal í huga að helmingunartími próteins C getur styst verulega við ákveðnar aðstæður svo sem við bráða segamyndun með bráða purpura og húddrepi.

Ef svörun við CEPROTIN inndælingu er viðunandi (mæld með litaprófum), má minnka skammta smám saman á 12 klst. fresti til að tryggja lággildi próteins C virkni $> 25\%$ ($> 0,25$ a.e./ml).

Sjúklingar sem eru í meðferð meðan á bráðastigi sjúkdóms stendur, geta sýnt mun minni hækkun á virkni próteins C. Þessi mikli breytileiki í svörun einstaklinga hefur í för með sér að fylgjast verður reglulega með áhrifum CEPROTIN á storkubætti.

Hjá sjúklingum sem fá fyrirbyggjandi meðferð með próteini C, mega lággildi vera hærri þegar aukin hætta er á segamyndun (s.s. sýkingar, meiðsl eða skurðaðgerð).

Fyrirbyggjandi meðferð til langs tíma

Við fyrirbyggjandi meðferð til langs tíma er ráðlagður skammtur 45 til 60 a.e./kg á 12 klst. fresti. Mæla skal virkni próteins C til að tryggja lággildi 25% eða hærra. Aðlaga á skammt og tíðni innrennslis til samræmis við þetta.

Í mjög sjaldgæfum og undantekningartilvikum gat innrennslis 250 - 350 a.e./kg undir húð gefið lækningalega þéttni próteins C í plasma hjá sjúklingum sem ekki var hægt að gefa í æð.

Samsett meðferð

Ef meðferð sjúklinga er breytt yfir í langtíma, fyrirbyggjandi meðferð með segavarnarlyfjum til inntöku, skal ekki hætta uppbótarmeðferð með próteini C fyrr en náðst hefur stöðug segavörn (sjá kafla 4.5). Að auki er ráðlagt að byrja á litlum skömmtum við upphaf meðferðar með segavarnarlyfjum til inntöku og auka skammtana smám saman, í stað þess að nota staðlaða skammta.

Í upphafi samsettrar meðferðar með segavarnarlyfjum (einkum K vítamínhemlar) og próteini C, skal viðhalda stöðugri prótein C virkni yfir 0,25 a.e./ml (litapróf) áður en meðferð með segavarnarlyfjum er hafin. Ráðlagt er að fylgjast náið með INR-gildum (international normalized ratio (INR)). Við samsetta meðferð með prótein C þykkni og segavarnarlyfjum, er ráðlagt að viðhalda lággildi próteins C í u.þ.b. 10% eða hærra.

Sérstakir sjúklingahópar

Börn

Á grundvelli takmarkaðrar klínískrar reynslu hjá börnum úr skýrslum og rannsóknum sem náðu til 83 sjúklinga, eru skammtaleiðbeiningar fyrir fullorðna einstaklinga taldar gilda fyrir nýbura og börn (sjá kafla 5.1).

Virkjað prótein C (APC) ónæmi

Takmarkaðar klínískar upplýsingar liggja fyrir um verkun og öryggi CEPROTIN hjá sjúklingum með **samhliða** alvarlegan meðfæddan prótein C skort og APC ónæmi.

Skert nýrna- og/eða lifrarstarfsemi

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun CEPROTIN hjá sjúklingum með skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Hafa skal náið eftirlit hjá sjúklingum með þessa kvilla.

Lyfjagjöf

CEPROTIN er gefið í bláæð eftir að stungulyfsstofninn hefur verið leystur upp í sæfðu vatni fyrir stungulyf.

Við gjöf CEPROTIN má innrennslishraði ekki vera meiri en 2 ml/mín. nema ef um er að ræða börn undir 10 kg, en í þeim tilfellum skal innrennslishraði ekki fara yfir 0,2 ml/kg/mín.

Eins og við á um öll prótein til innspýtingar í bláæð, geta komið fram ofnæmisviðbrögð. Við gjöf lyfsins skal viðeigandi bráðaþjónusta vera til staðar ef upp koma bráð- og lífshættuleg ofnæmisviðbrögð.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1 eða músapróteini eða heparíni, nema í þeim tilfellum þegar um meðhöndlun á lífshættulegum afleiðingum segamyndunar er að ræða.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Ofnæmi

Þar sem ekki er hægt að útiloka hættu á ofnæmisviðbrögðum, skal upplýsa sjúklinga um fyrstu einkenni ofnæmis, þar með talið ofsakláða, almennan kláða, þyngsli fyrir brjósti, öndunarerfiðleika, lágþrýsting og ofnæmislost. Upplýsa skal lækni strax ef vart verður við þessi einkenni. Mælt er með að hætta meðferð strax.

Við ofnæmislosti skal veita hefðbundna meðferð.

Hemlar

Ef lyfið er notað hjá sjúklingum með alvarlegan meðfæddan skort á prótein C geta myndast mótefni sem hamla próteini C.

Smitefni

Staðlaðar aðgerðir á framleiðslustigum lyfja sem unnin eru úr blóði eða blóðvökva úr mönnum til að hindra smit, fela í sér nákvæmt val á blóðgjöfum, rannsóknum á hverri blóðgjöf og sameinuðum blóðgjöfum m.t.t. sérstakra merkja um sýkingar ásamt virkum aðgerðum til að fjarlægja eða gera veirur óvirkar. Þrátt fyrir þetta, er ekki hægt að útiloka sýkingarsmit þegar lyf eru gefin sem unnin eru úr blóði eða blóðvökva úr mönnum. Þetta á einnig við um nýjar veirur sem enn eru óþekktar og aðra sýkingavalda.

Þær aðgerðir sem nú eru notaðar eru taldar vera virkar gegn hjúpuðum veirum eins og HIV, HBV og HCV, ásamt óhjúpuðu lifrabólgu A veirunni. Aðgerðirnar geta haft takmarkað gildi gegn óhjúpuðum veirum svo sem parvoveiru B19. Parvoveiru B19 sýkingar geta verið alvarlegar fyrir þungaðar konur (sýkingar í fóstri) og fyrir sjúklinga með skert ónæmisviðbrögð eða aukna framleiðslu á rauðum blóðkornum (t.d. blóðlýsublóðleysi).

Fyrir sjúklinga sem fá reglubundna/endurtekna meðferð með prótein C lyfjum sem unnin eru úr blóðvökva úr mönnum er mælt með viðeigandi bólusetningu (gegn lifrabólgu A og B).

Blóðflagnafæð af völdum heparíns (HIT)

CEPROTIN getur innihaldið örlítið magn af heparíni. Vart getur orðið við ofnæmisviðbrögð af völdum heparíns, sem getur verið tengt hraðri minnkun á fjölda blóðflagna (HIT). Hjá sjúklingum með HIT, geta komið fram einkenni eins og segamyndun í bláæðum og slagæðum, blóðstorkusótt (DIC), purpuri, dílablæðingar og meltingarfærablæðingar (sortusaur). Ef grunur leikur á HIT, skal ákvarða strax fjölda blóðflagna og ef nauðsyn krefur skal hætta meðferð með CEPROTIN. Erfitt er að greina HIT, þar sem þessi einkenni geta þegar verið til staðar hjá sjúklingum í bráðafasa, með alvarlegan meðfæddan prótein C skort. Sjúklingar með HIT skulu forðast frekari notkun lyfja sem innihalda heparín.

Samtímis meðhöndlun með segavarnarlyfjum

Í tengslum við klínískar rannsóknir hafa komið í ljós nokkur blæðingartilfelli. Samtímis meðhöndlun með segavarnarlyfjum (s.s. heparíni) gætu hafa valdið þessum blæðingum. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að gjöf CEPROTIN hafi átt þátt í þessum blæðingartilfellum.

Natríum

Lyfið inniheldur 22,5 mg af natríum í hverju hettuglasi, sem jafngildir 1,1% af daglegri hámarksinntöku natríums sem er 2 g fyrir fullorðna skv. ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki eru þekktar neinar milliverkanir við önnur lyf.

Milliverkanir við K vítamínhemla

Hjá sjúklingum sem eru að byrja á meðferð með segavarnarlyfjum til inntöku í flokki K vítamínhemla (t.d. warfarín) getur komið fram tímabundin „ofstorknun“ áður en hin æskilegu segavarnaráhrif koma fram. Útskýra má þessi tímabundnu áhrif með því að prótein C, sem er K-vítamínháð plasmaprótein, er með styttri helmingunartíma en flest K-vítamínháðu plasmapróteinin (þ.e. II, IX og X). Af því leiðir að við upphaf meðferðar bælist virkni próteins C meira en virkni „forstorkuþáttanna“. Þetta leiðir til þess að ef sjúklingur er settur á segavarnarlyf til inntöku, verður að halda áfram prótein C uppbótarmeðferð þar til stöðug segavörn fæst. Þó svo að warfarín tengt húðdrep geti átt sér stað hjá hvaða sjúklingi sem er við upphaf meðferðar með segavarnarlyfjum til inntöku, eru einstaklingar með meðfæddan prótein C skort í sérstakri hættu. (Sjá kafla 4.2).

4.6 Frjósemi, meðgangi og brjóstagjöf

Þó svo að CEPROTIN hafi reynst öruggt við meðferð á barnshafandi konum með prótein C skort, hefur ekki verið sýnt fram á öryggi þess í klínískum samanburðarrannsóknum. Að auki eru engar upplýsingar, um útskilnað próteins C í móðurmjólk fyrirleggjandi. Þess vegna verður að leggja mat á ávinning við notkun CEPROTIN á meðgöngu og þegar barn er haft á brjósti, í samanburði við áhættuna fyrir móður og barn. Lyfið á aðeins að nota ef nauðsyn krefur.

Upplýsingar um parvoveiru B19 sýkingu eru í kafla 4.4.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

CEPROTIN hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Eins og við á um öll lyf sem eru gefin í bláæð eru ofnæmisviðbrögð möguleg. Upplýsa skal sjúklinga um fyrstu einkenni ofnæmisviðbragða sem geta verið ofsabjúgur, bruni og sviði á stungustað, hrollur, roði, útbrot, kláði, almennur kláði, höfuðverkur, ofsakláði, lágþrýstingur, svefnhöfgi, ógleði, eirðarleysi, hraður hjartsláttur, þyngsli fyrir brjósti, dofi, uppköst og sog- eða blísturshljóð við öndun. Ráðleggja skal sjúklingum um að hafa tafarlaust samband við lækinn ef þessi einkenni koma fram (sjá kafla 4.4).

Tafla yfir aukaverkanir

Meðan á klínískum rannsóknum með CEPROTIN stóð var tilkynnt um alls 3 aukaverkanir sem ekki voru alvarlegar hjá 1 af þeim 67 sjúklingum sem voru skráðir (útbrot og kláði (flokkad sem ofnæmi), og sundl). Alls voru gefnar 6375 gjafir af CEPROTIN.

Tíðni hefur verið skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki er hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum).

Dreifing þessara aukaverkana er sem hér segir:

Flokkun eftir líffærum	Aukaverkun	Kjörheiti	Tíðniflokkun eftir innrenslum
Ónæmiskerfi	Ofnæmi	Útbrot	Mjög sjaldgæfar
		Kláði	Mjög sjaldgæfar
Taugakerfi	Sundl	Sundl	Mjög sjaldgæfar

Reynsla eftir markaðssetningu

Tilkynnt hefur verið um eftirtaldar aukaverkanir eftir markaðssetningu og tíðni þessara aukaverkana er ekki þekkt:

Geðræn vandamál: eirðarleysi

Húð og undirhúð: ofsvitnun

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað: aukaverkanir á stungustað

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Engar upplýsingar liggja fyrir um ofskömmun með CEPROTIN.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Segavarnarlyf, ATC-flokkur: B01AD12

Verkunarhátur

Prótein C er K-vítamínháð, segavarnandi glýkóprótein, sem framleitt er í lifur. Það breytist af völdum trombín/trombomodulín-komplex á yfirborði innþekjufrumna í virkt prótein C (APC). APC er sérin próteasi með öflug segavarnaráhrif, sérstaklega í návist kófaktor síns, próteins S. APC hefur áhrif með því að gera óvirk hin virku form af faktor V og VIII, sem leiðir til minni trombín myndunar. Einnig hefur verið sýnt fram á profibrínólýtisk áhrif APC.

Þegar CEPROTIN er gefið í bláæð veldur það skjótri en tímabundinni aukningu á styrk próteins C í plasma. Uppbótarmeðferð með próteini C hjá sjúklingum með prótein C skort, ætti að gera kleift að ná stjórn á, eða ef gefið fyrirbyggjandi, koma í veg fyrir segavandamál.

Verkun

Einni framskyggri, fjölsetra, opinni 2./3. stigs klínískri rannsókn í 3 hlutum, sem ekki var slembuð, hjá einstaklingum með alvarlegan meðfæddan prótein C skort til að meta verkun og öryggi prótein C þykknis er lokið (lykilrannsókn 400101). Í rannsókninni tóku 18 einstaklingar þátt með alvarlegan meðfæddan prótein C skort, skilgreint sem prótein C virkni < 20%, og með miðgildi aldurs 5,8 ár (á bilinu 0 til 26 ár). Í hópnum sem fékk fyrirbyggjandi meðferð til langs tíma var miðgildi aldurs 2,8 ár (á bilinu 0 til 22 ár). Samtals voru 24 tilfelli bráðs purpura, húðdreps af völdum kúmarína og annarrar segamyndunar í æðum meðhöndluð með CEPROTIN hjá 11 einstaklingum. Gerðar voru greiningar á 7 lotum með skammtíma fyrirbyggjandi meðferð fyrir skurðaðgerð eða upphaf segavarnarmeðferðar og á 8 lotum með langtíma fyrirbyggjandi meðferð. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að CEPROTIN er virkt í meðferð á bráðum tilfellum segamyndunar og þær styðja notkun CEPROTIN sem fyrirbyggjandi meðferð við segamyndun til bæði skamms tíma og langs tíma.

Önnur reynsla af CEPROTIN nær yfir tilfellarannsóknir og klíníska rannsókn hjá alls 69 börnum með áunninn prótein C skort. Rannsóknin er slembuð, tvíblind, samanburðarrannsókn með lyfleysu, til þess að finna skammta við ábendingunni áunninn prótein C skortur vegna meningococcal blóðsýkingar (IMAG 112). Skýrslur benda til þess að CEPROTIN þolist vel hjá börnum og ungabörnum.

Skammtar í ofangreindum rannsóknum, sem náðu til 87 sjúklinga benda til þess að skammta-leiðbeiningar fyrir fullorðna einstaklinga gildi einnig fyrir nýbura og börn.

5.2 Lyfjahvörf

Niðurstöður frá 21 einkennalausum einstaklingum með arfhreinan eða tví arfblendinn prótein C skort voru notaðar til að leggja mat á lyfjahvörf. Virkni próteins C í plasma var mæld með litaprófi. Helmingunartíminn var á bilinu 4,4 til 15,8 klst. Þegar notað var hólfalíkan og 4,9 til 14,7 klst. Þegar ekki var notað hólfalíkan. Einstaklingsbundin stigvaxandi endurheimt var á bilinu 0,50 til 1,76 [(a.e./dl)/(a.e./kg)]. Sjúklingarnir voru mjög mismunandi hvað varðar aldur, líkamspunga og plasmarúmmál.

Hjá sjúklingum með bráða segasjúkdóma getur bæði stigvaxandi aukning á plasmastyrk próteins C og helmingunartími verið töluvert minni.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Prótein C í CEPROTIN er eðlilegur hluti af plasma úr mönnum og verkar eins og innlægt prótein C. Því er ekki talið nauðsynlegt að framkvæma rannsóknir á krabbameinsvaldandi áhrifum eða eiturverkunum á erfðaeftni, sérstaklega ekki hjá ósamstæðum tegundum.

Rannsóknir á eiturverkunum eftir einstaka skammta sýndu, að jafnvel skammtar sem eru margfalt stærri en þeir skammtar/kg líkamspunga sem mælt er með fyrir menn (10 falt) valda ekki eituráhrifum á nagdýr.

CEPROTIN reyndist ekki valda eituráhrifum á erfðaeftni í Ames-prófi.

Rannsóknir á eiturverkunum eftir endurtekna skammta voru ekki framkvæmdar þar sem fyrri rannsóknir með storkulyf hafa reynst hafa takmarkað gildi. Mismunurinn á þeirri tegund sem fær lyfið og próteins C úr mönnum mun óhjákvæmilega valda ofnæmissvari og myndun mótefnis.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Stungulyfsstofn

Manna albúmín
Trínatríumsítratdihýdrat
Natríumklóríð

Leysir

Sæft vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

3 ár
Lyfið skal notað strax eftir blöndun.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C–8°C).
Má ekki frjósa. Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

Geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð fláts og innihald

500 a.e. og 1.000 a.e.: CEPROTIN stungulyfsstofn er í hettuglösum úr hlutlausu gleri, annaðhvort hýdrerað af gerð I (500 a.e.) eða hýdrerað af gerð II (1.000 a.e.).

Leysirinn er í hettuglösum úr hlutlausu gleri hýdrerað af gerð I. Stungulyfsstofns hettuglösin og hettuglösin með leysinum eru með bútýl gúmmítappa.

Með hverri pakkningu fylgir einnig:

- millifærslunál
- nál með síu

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Leysið frostþurrkaða CEPROTIN stungulyfsstofninn upp með meðfylgjandi leysi (sæft vatn fyrir stungulyf) með því að nota sæfðu millifærslunálina. Snúið hettuglasinu varlega þar til allt duft er uppleyst. Eftir blöndun er lausnin litlaus eða aðeins gulleit og tær eða með örlitlum ópalbjarma og í eðli sínu laus við sýnilegar agnir.

Lausnin er dregin upp með sæfðri nál með síu, í sæfða einnota sprautu. Nota verður nýja, ónotaða nál með síu, fyrir hvert hettuglas af uppleystu CEPROTIN. Farga skal lausninni ef einhverjar agnir eru sjáanlegar.

Tilbúna lausn á að gefa strax, sem innspýtingu í bláæð.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Takeda Manufacturing Austria AG
Industriestrasse 67
1221 Vienna
Austurríki

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/01/190/001

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 16. júlí 2001
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 16. júlí 2006

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

1. HEITI LYFS

CEPROTIN 1.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

2. INNIHALDSLÝSING

Prótein C úr plasma úr mönnum, hreinsað með einstofna mótefnum úr músum. Hvert hettuglas af CEPROTIN 1.000 a.e.* inniheldur 1.000 a.e. af próteini C úr mönnum, sem þurrefni. Eftir upplausn með 10 ml af sæfðu vatni fyrir stungulyf, inniheldur lyfið u.þ.b. 100 a.e./ml af próteini C úr mönnum.

Virknin (a.e.) er ákvörðuð með ensímhvarfefna litaprófi með samanburði við WHO staðalefni.

*Ein alþjóðleg eining (a.e.) af próteini C samsvarar virkni próteins C í 1 ml af eðlilegu plasma, mælt með amíðleysandi aðferð.

Hjálparefni með þekkta verkun:

Lyfið inniheldur 44,9 mg af natríum í hverju hettuglasi.
Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Prótein C úr mönnum, stungulyfsstofn og leysir, lausn.

Frostþurrkað hvítt eða rjómagult duft eða auðmulið, fast efni. Eftir blöndun hefur lausnin sýrustig á bilinu 6,7 til 7,3 og osmósuhéttu er ekki undir 240 mosmól/kg.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

CEPROTIN er ætlað sem fyrirbyggjandi meðferð og til meðferðar á bráðum purpura, húddrepi af völdum kúmarína og segamyndun í bláæðum hjá sjúklingum með alvarlegan meðfæddan prótein C skort.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Hefja skal meðferð með CEPROTIN undir eftirliti læknis með reynslu í uppbótarmeðferð með storkuþáttum/hemlum, þar sem mögulegt er að fylgjast með virkni próteins C.

Skammtar

Aðlögun skammta skal byggja á mati á rannsóknarniðurstöðum fyrir hvern einstakling fyrir sig.

Meðferð bráðra tilfella og fyrirbyggjandi meðferð til skamms tíma (þ. á m. ifarandi aðgerðir)

Í byrjun ætti að ná 100% prótein C virkni (1 a.e./ml) og skal halda virkni yfir 25% meðan á meðferð stendur.

Ráðlagt er að gefa 60 til 80 a.e./kg upphafsskammt til að ákvarða heimtur og helmingunartíma. Ráðlagt er að mæla virkni próteins C með notkun litaprófs með ensímhvarfefnum til þess að ákvarða þéttu próteins C í plasma sjúklingsins fyrir og á meðan CEPROTIN meðferð stendur.

Ákvarða skal skammtastærð á grundvelli niðurstaðna úr mælingum á prótein C virkni. Ef um er að ræða bráða segamyndun ætti að fylgjast með virkninni á 6 klst. fresti þar til sjúklingurinn er orðinn stöðugur og eftir það tvisvar sinnum á dag og alltaf rétt fyrir innspýtingu. Hafa skal í huga að helmingunartími próteins C getur styst verulega við ákveðnar aðstæður svo sem við bráða segamyndun með bráða purpura og húddrepi.

Ef svörun við CEPROTIN inndælingu er viðunandi (mæld með litaprófum), má minnka skammta smám saman á 12 klst. fresti til að tryggja lággildi próteins C virkni $> 25\%$ ($> 0,25$ a.e./ml).

Sjúklingar sem eru í meðferð meðan á bráðastigi sjúkdóms stendur, geta sýnt mun minni hækkun á virkni próteins C. Þessi mikli breytileiki í svörun einstaklinga hefur í för með sér að fylgjast verður reglulega með áhrifum CEPROTIN á storkubætti.

Hjá sjúklingum sem fá fyrirbyggjandi meðferð með próteini C, mega lággildi vera hærri þegar aukin hætta er á segamyndun (s.s. sýkingar, meiðsl eða skurðaðgerð).

Fyrirbyggjandi meðferð til langs tíma

Við fyrirbyggjandi meðferð til langs tíma er ráðlagður skammtur 45 til 60 a.e./kg á 12 klst. fresti. Mæla skal virkni próteins C til að tryggja lággildi 25% eða hærra. Aðlaga á skammt og tíðni innrennslis til samræmis við þetta.

Í mjög sjaldgæfum og undantekningartilvikum gat innrennslis 250 - 350 a.e./kg undir húð gefið lækningalega þéttni próteins C í plasma hjá sjúklingum sem ekki var hægt að gefa í æð.

Samsett meðferð

Ef meðferð sjúklinga er breytt yfir í langtíma, fyrirbyggjandi meðferð með segavarnarlyfjum til inntöku, skal ekki hætta uppbótarmeðferð með próteini C fyrr en náðst hefur stöðug segavörn (sjá kafla 4.5). Að auki er ráðlagt að byrja á litlum skömmtum við upphaf meðferðar með segavarnarlyfjum til inntöku og auka skammtana smám saman, í stað þess að nota staðlaða skammta.

Í upphafi samsettrar meðferðar með segavarnarlyfjum (einkum K vítamínhemlar) og próteini C, skal viðhalda stöðugri prótein C virkni yfir 0,25 a.e./ml (litapróf) áður en meðferð með segavarnarlyfjum er hafin. Ráðlagt er að fylgjast náið með INR-gildum (international normalized ratio (INR)). Við samsetta meðferð með prótein C þykkni og segavarnarlyfjum, er ráðlagt að viðhalda lággildi próteins C í u.þ.b. 10% eða hærra.

Sérstakir sjúklingahópar

Börn

Á grundvelli takmarkaðrar klínískrar reynslu hjá börnum úr skýrslum og rannsóknum sem náðu til 83 sjúklinga, eru skammtaleiðbeiningar fyrir fullorðna einstaklinga taldar gilda fyrir nýbura og börn (sjá kafla 5.1).

Virkjað prótein C (APC) ónæmi

Takmarkaðar klínískar upplýsingar liggja fyrir um verkun og öryggi CEPROTIN hjá sjúklingum með **samhliða** alvarlegan meðfæddan prótein C skort og APC ónæmi.

Skert nýrna- og/eða lifrarstarfsemi

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun CEPROTIN hjá sjúklingum með skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Hafa skal náið eftirlit hjá sjúklingum með þessa kvilla.

Lyfjagjöf

CEPROTIN er gefið í bláæð eftir að stungulyfsstofninn hefur verið leystur upp í sæfðu vatni fyrir stungulyf.

Við gjöf CEPROTIN má innrennslishraði ekki vera meiri en 2 ml/mín. nema ef um er að ræða börn undir 10 kg, en í þeim tilfellum skal innrennslishraði ekki fara yfir 0,2 ml/kg/mín.

Eins og við á um öll prótein til innspýtingar í bláæð, geta komið fram ofnæmisviðbrögð. Við gjöf lyfsins skal viðeigandi bráðapjónusta vera til staðar ef upp koma bráð- og lífshættuleg ofnæmisviðbrögð.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1 eða músapróteini eða heparíni, nema í þeim tilfellum þegar um meðhöndlun á lífshættulegum afleiðingum segamyndunar er að ræða.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Ofnæmi

Þar sem ekki er hægt að útiloka hættu á ofnæmisviðbrögðum, skal upplýsa sjúklinga um fyrstu einkenni ofnæmis, þar með talið ofsakláða, almennan kláða, þyngsli fyrir brjósti, öndunarerfiðleika, lágþrýsting og ofnæmislost. Upplýsa skal lækni strax ef vart verður við þessi einkenni. Mælt er með að hætta meðferð strax.

Við ofnæmislosti skal veita hefðbundna meðferð.

Hemlar

Ef lyfið er notað hjá sjúklingum með alvarlegan meðfæddan skort á prótein C geta myndast mótefni sem hamla próteini C.

Smitefni

Staðlaðar aðgerðir á framleiðslustigum lyfja sem unnin eru úr blóði eða blóðvökva úr mönnum til að hindra smit, fela í sér nákvæmt val á blóðgjöfum, rannsóknum á hverri blóðgjöf og sameinuðum blóðgjöfum m.t.t. sérstakra merkja um sýkingar ásamt virkum aðgerðum til að fjarlægja eða gera veirur óvirkar. Þrátt fyrir þetta, er ekki hægt að útiloka sýkingarsmit þegar lyf eru gefin sem unnin eru úr blóði eða blóðvökva úr mönnum. Þetta á einnig við um nýjar veirur sem enn eru óþekktar og aðra sýkingavalda.

Þær aðgerðir sem nú eru notaðar eru taldar vera virkar gegn hjúpuðum veirum eins og HIV, HBV og HCV, ásamt óhjúpuðu lifrabólgu A veirunni. Aðgerðirnar geta haft takmarkað gildi gegn óhjúpuðum veirum svo sem parvoveiru B19. Parvoveiru B19 sýkingar geta verið alvarlegar fyrir þungaðar konur (sýkingar í fóstri) og fyrir sjúklinga með skert ónæmisviðbrögð eða aukna framleiðslu á rauðum blóðkornum (t.d. blóðlýsublóðleysi).

Fyrir sjúklinga sem fá reglubundna/endurtekna meðferð með prótein C lyfjum sem unnin eru úr blóðvökva úr mönnum er mælt með viðeigandi bólusetningu (gegn lifrabólgu A og B).

Blóðflagnafæð af völdum heparíns (HIT)

CEPROTIN getur innihaldið örlítið magn af heparíni. Vart getur orðið við ofnæmisviðbrögð af völdum heparíns, sem getur verið tengt hraðri minnkun á fjölda blóðflagna (HIT). Hjá sjúklingum með HIT, geta komið fram einkenni eins og segamyndun í bláæðum og slagæðum, blóðstorkusótt (DIC), purpuri, dílablæðingar og meltingarfærablæðingar (sortusaur). Ef grunur leikur á HIT, skal ákvarða strax fjölda blóðflagna og ef nauðsyn krefur skal hætta meðferð með CEPROTIN. Erfitt er að greina HIT, þar sem þessi einkenni geta þegar verið til staðar hjá sjúklingum í bráðafasa, með alvarlegan meðfæddan prótein C skort. Sjúklingar með HIT skulu forðast frekari notkun lyfja sem innihalda heparín.

Samtímis meðhöndlun með segavarnarlyfjum

Í tengslum við klínískar rannsóknir hafa komið í ljós nokkur blæðingartilfelli. Samtímis meðhöndlun með segavarnarlyfjum (s.s. heparíni) gætu hafa valdið þessum blæðingum. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að gjöf CEPROTIN hafi átt þátt í þessum blæðingartilfellum.

Natríum

Lyfið inniheldur 44,9 mg af natríum í hverju hettuglasi, sem jafngildir 2,2% af daglegri hámarksinntöku natríums sem er 2 g fyrir fullorðna skv. ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki eru þekktar neinar milliverkanir við önnur lyf.

Milliverkanir við K vítamínhemla

Hjá sjúklingum sem eru að byrja á meðferð með segavarnarlyfjum til inntöku í flokki K vítamínhemla (t.d. warfarín) getur komið fram tímabundin „ofstorknun“ áður en hin æskilegu segavarnaráhrif koma fram. Útskýra má þessi tímabundnu áhrif með því að prótein C, sem er K-vítamínháð plasmaprótein, er með styttri helmingunartíma en flest K-vítamínháðu plasmapróteinin (þ.e. II, IX og X). Af því leiðir að við upphaf meðferðar bælist virkni próteins C meira en virkni „forstorkuþáttanna“. Þetta leiðir til þess að ef sjúklingur er settur á segavarnarlyf til inntöku, verður að halda áfram prótein C uppbótarmeðferð þar til stöðug segavörn fæst. Þó svo að warfarín tengt húðdrep geti átt sér stað hjá hvaða sjúklingi sem er við upphaf meðferðar með segavarnarlyfjum til inntöku, eru einstaklingar með meðfæddan prótein C skort í sérstakri hættu. (Sjá kafla 4.2).

4.6 Frjósemi, meðgangi og brjóstagjöf

Þó svo að CEPROTIN hafi reynst öruggt við meðferð á barnshafandi konum með prótein C skort, hefur ekki verið sýnt fram á öryggi þess í klínískum samanburðarrannsóknum. Að auki eru engar upplýsingar, um útskilnað próteins C í móðurmjólk fyrirleggjandi. Þess vegna verður að leggja mat á ávinning við notkun CEPROTIN á meðgöngu og þegar barn er haft á brjósti, í samanburði við áhættuna fyrir móður og barn. Lyfið á aðeins að nota ef nauðsyn krefur.

Upplýsingar um parvoveiru B19 sýkingu eru í kafla 4.4.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

CEPROTIN hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Eins og við á um öll lyf sem eru gefin í bláæð eru ofnæmisviðbrögð möguleg. Upplýsa skal sjúklinga um fyrstu einkenni ofnæmisviðbragða sem geta verið ofsabjúgur, bruni og sviði á stungustað, hrollur, roði, útbrot, kláði, almennur kláði, höfuðverkur, ofsakláði, lágþrýstingur, svefnhöfgi, ógleði, eirðarleysi, hraður hjartsláttur, þyngsli fyrir brjósti, dofi, uppköst og sog- eða blísturshljóð við öndun. Ráðleggja skal sjúklingum um að hafa tafarlaust samband við lækinn ef þessi einkenni koma fram (sjá kafla 4.4).

Tafla yfir aukaverkanir

Meðan á klínískum rannsóknum með CEPROTIN stóð var tilkynnt um alls 3 aukaverkanir sem ekki voru alvarlegar hjá 1 af þeim 67 sjúklingum sem voru skráðir (útbrot og kláði (flokkad sem ofnæmi), og sundl). Alls voru gefnar 6375 gjafir af CEPROTIN.

Tíðni hefur verið skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki er hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum).

Dreifing þessara aukaverkana er sem hér segir:

Flokkun eftir líffærum	Aukaverkun	Kjörheiti	Tíðniflokkun eftir innrenslum
Ónæmiskerfi	Ofnæmi	Útbrot	Mjög sjaldgæfar
		Kláði	Mjög sjaldgæfar
Taugakerfi	Sundl	Sundl	Mjög sjaldgæfar

Reynsla eftir markaðssetningu

Tilkynnt hefur verið um eftirtaldar aukaverkanir eftir markaðssetningu og tíðni þessara aukaverkana er ekki þekkt:

Geðræn vandamál: eirðarleysi

Húð og undirhúð: ofsvitnun

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað: aukaverkanir á stungustað

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Engar upplýsingar liggja fyrir um ofskömmun með CEPROTIN.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Segavarnarlyf, ATC-flokkur: B01AD12

Verkunarháttur

Prótein C er K-vítamínháð, segavarnandi glýkóprótein, sem framleitt er í lifur. Það breytist af völdum trombín/trombomodulín-komplex á yfirborði innþekjufrumna í virkt prótein C (APC). APC er sérin próteasi með öflug segavarnaráhrif, sérstaklega í návist kófaktor síns, próteins S. APC hefur áhrif með því að gera óvirk hin virku form af faktor V og VIII, sem leiðir til minni trombín myndunar. Einnig hefur verið sýnt fram á profibrínólýtisk áhrif APC.

Þegar CEPROTIN er gefið í bláæð veldur það skjótri en tímabundinni aukningu á styrk próteins C í plasma. Uppbótarmeðferð með próteini C hjá sjúklingum með prótein C skort, ætti að gera kleift að ná stjórn á, eða ef gefið fyrirbyggjandi, koma í veg fyrir segavandamál.

Verkun

Einni framskyggri, fjölsetra, opinni 2./3. stigs klínískri rannsókn í 3 hlutum, sem ekki var slembuð, hjá einstaklingum með alvarlegan meðfæddan prótein C skort til að meta verkun og öryggi prótein C þykknis er lokið (lykilrannsókn 400101). Í rannsókninni tóku 18 einstaklingar þátt með alvarlegan meðfæddan prótein C skort, skilgreint sem prótein C virkni < 20%, og með miðgildi aldurs 5,8 ár (á bilinu 0 til 26 ár). Í hópnum sem fékk fyrirbyggjandi meðferð til langs tíma var miðgildi aldurs 2,8 ár (á bilinu 0 til 22 ár). Samtals voru 24 tilfelli bráðs purpura, húðdreps af völdum kúmarína og annarrar segamyndunar í æðum meðhöndluð með CEPROTIN hjá 11 einstaklingum. Gerðar voru greiningar á 7 lotum með skammtíma fyrirbyggjandi meðferð fyrir skurðaðgerð eða upphaf segavarnarmeðferðar og á 8 lotum með langtíma fyrirbyggjandi meðferð. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að CEPROTIN er virkt í meðferð á bráðum tilfellum segamyndunar og þær styðja notkun CEPROTIN sem fyrirbyggjandi meðferð við segamyndun til bæði skamms tíma og langs tíma.

Önnur reynsla af CEPROTIN nær yfir tilfellarannsóknir og klíníska rannsókn hjá alls 69 börnum með áunninn prótein C skort. Rannsóknin er slembuð, tvíblind, samanburðarrannsókn með lyfleysu, til þess að finna skammta við ábendingunni áunninn prótein C skortur vegna meningococcal blóðsýkingar (IMAG 112). Skýrslur benda til þess að CEPROTIN þolist vel hjá börnum og ungabörnum.

Skammtar í ofangreindum rannsóknum, sem náðu til 87 sjúklinga benda til þess að skammta-leiðbeiningar fyrir fullorðna einstaklinga gildi einnig fyrir nýbura og börn.

5.2 Lyfjahvörf

Niðurstöður frá 21 einkennalausum einstaklingum með arfhreinan eða tví arfblendinn prótein C skort voru notaðar til að leggja mat á lyfjahvörf. Virkni próteins C í plasma var mæld með litaprófi. Helmingunartíminn var á bilinu 4,4 til 15,8 klst. Þegar notað var hólfalíkan og 4,9 til 14,7 klst. Þegar ekki var notað hólfalíkan. Einstaklingsbundin stigvaxandi endurheimt var á bilinu 0,50 til 1,76 [(a.e./dl)/(a.e./kg)]. Sjúklingarnir voru mjög mismunandi hvað varðar aldur, líkamspunga og plasmarúmmál.

Hjá sjúklingum með bráða segasjúkdóma getur bæði stigvaxandi aukning á plasmastyrk próteins C og helmingunartími verið töluvert minni.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Prótein C í CEPROTIN er eðlilegur hluti af plasma úr mönnum og verkar eins og innlægt prótein C. Því er ekki talið nauðsynlegt að framkvæma rannsóknir á krabbameinsvaldandi áhrifum eða eiturverkunum á erfðaeefni, sérstaklega ekki hjá ósamstæðum tegundum.

Rannsóknir á eiturverkunum eftir einstaka skammta sýndu, að jafnvel skammtar sem eru margfalt stærri en þeir skammtar/kg líkamspunga sem mælt er með fyrir menn (10 falt) valda ekki eituráhrifum á nagdýr.

CEPROTIN reyndist ekki valda eituráhrifum á erfðaeefni í Ames-prófi.

Rannsóknir á eiturverkunum eftir endurtekna skammta voru ekki framkvæmdar þar sem fyrri rannsóknir með storkulyf hafa reynst hafa takmarkað gildi. Mismunurinn á þeirri tegund sem fær lyfið og próteins C úr mönnum mun óhjákvæmilega valda ofnæmissvari og myndun mótefnis.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Stungulyfsstofn

Manna albúmín
Trínatríumsítratdihýdrat
Natríumklóríð

Leysir

Sæft vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

3 ár
Lyfið skal notað strax eftir blöndun.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C–8°C).
Má ekki frjósa. Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

Geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð fláts og innihald

500 a.e. og 1.000 a.e.: CEPROTIN stungulyfsstofn er í hettuglösnum úr hlutlausu gleri, annaðhvort hýdrerað af gerð I (500 a.e.) eða hýdrerað af gerð II (1.000 a.e.). Leysirinn er í hettuglösnum úr hlutlausu gleri hýdrerað af gerð I. Stungulyfsstofns hettuglösin og hettuglösin með leysinum eru með bútýl gúmmítappa.

Með hverri pakkningu fylgir einnig:

- millifærslunál
- nál með síu

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Leysið frostþurrkaða CEPROTIN stungulyfsstofninn upp með meðfylgjandi leysi (sæft vatn fyrir stungulyf) með því að nota sæfðu millifærslunálina. Snúið hettuglasinu varlega þar til allt duft er uppleyst. Eftir blöndun er lausnin litlaus eða aðeins gulleit og tær eða með örlitlum ópalbjarma og í eðli sínu laus við sýnilegar agnir.

Lausnin er dregin upp með sæfðri nál með síu, í sæfða einnota sprautu. Nota verður nýja, ónotaða nál með síu, fyrir hvert hettuglas af uppleystu CEPROTIN. Farga skal lausninni ef einhverjar agnir eru sjáanlegar.

Tilbúna lausn á að gefa strax, sem innspýtingu í bláæð.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Takeda Manufacturing Austria AG
Industriestrasse 67
1221 Vienna
Austurríki

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/01/190/002

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 16. júlí 2001
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 16. júlí 2006

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Takeda Manufacturing Austria AG
Benatzkygasse 2-6
1221 Vienna
Austurríki

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Takeda Manufacturing Austria AG
Industriestrasse 67
1221 Vín
Austurríki

Heiti og heimilisfang framleiðanda sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt viðkomandi lotu skal koma fram í prentuðum fylgiseðli.

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

- **Opinber lokasamþykkt**

Samkvæmt ákvæðum 114. greinar í tilskipun 2001/83/EB annast opinber rannsóknarstofa eða rannsóknarstofa sem tilnefnd er til þess, opinbera lokasamþykkt.

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

- **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Markaðsleyfishafi skal leggja fram samantektir um öryggi lyfsins í samræmi við skilyrði sem koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83 og er birtur í vefgátt fyrir evrópsk lyf.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

- **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
